

## **BREYTING Á FISKELDI HB GRANDA Í SJÓKVÍUM Í BERUFIRÐI**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að áhrif fyrirhugaðrar breytingar á eldi HB Granda í sjókvíum í Berufirði á vistkerfi Berufjarðar verði óveruleg þar sem ekki er gert ráð fyrir að mengunarálag aukist og framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í vistkerfi Berufjarðar. Tekið er undir með Umhverfisstofnun að vegna hættu á stroki í þorskeldi sé mikilvægt að fylgst verði með styrkleika kvía. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að HB Grandi og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2009.

19. mars 2009

## INNGANGUR

Þann 20. febrúar 2009 barst Skipulagsstofnun tilkynning HB Granda um breytingu á eldi fyrirtækisins í sjókvíum í Berufirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Djúpavogshrepps, Matvælastofnunar (MAST)-dýralæknis fisksjúkdóma, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Djúpavogshreppi með bréfi dags. 7. mars 2009, Matvælastofnunar (MAST)-dýralæknir fisksjúkdóma með bréfi dags. 27. febrúar 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 17. mars 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. mars 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. mars 2009. Frekari upplýsingar bárust frá HB Granda með bréfi dags. 19. mars 2009, þar sem móttaka umsagna er staðfest.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur í gögnum að HB Grandi hafi starfsleyfi til framleiðslu á allt að 7.000 tonnum af laxi og 1.000 tonnum af þorski á ári í sjókvíum í Berufirði. Fyrirhugað sé að breyta fiskeldinu þannig að í stað eldis á allt að 7.000 tonnum af laxi og 1.000 tonnum af þorski verði alin allt að 4.000 tonn af laxi og 4.000 tonn af þorski. Fyrirhugað sé að sækja um breytingu á starfsleyfi sem felir þetta í sér. Staðsetning sjókvía samkvæmt starfsleyfi sé og verði á tveimur svæðum, í fyrsta lagi 64°42,4'N - 14°22,5'V og í öðru lagi 64°43,8'N - 14°23,5'V. Fram kemur að skipt verði út einni eldistegund fyrir aðra, engar breytingar verði á losun lífrænna næringarefna þar sem notast verði við þurrfóðrur eins og tíðkast hafi fram að þessu í eldinu í Berufirði.

Fram kemur að framkvæmdaraðili óttist ekki að þorskeldið muni hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í vistkerfi Berufjarðar eða annarra austfirskra fjarða.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að skapa svigrúm fyrir áframhaldandi uppbyggingu þorskeldis í Berufirði þar sem nýta megi þá sérfræðipækkingu sem til staðar sé hjá HB Granda svo og þann tækjabúnað og báta sem tilheyrir hafi eldinu í Berufirði.

Framkvæmdaraðili telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Djúpavogshreppur, Matvælastofnun (MAST)-dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun telja að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð og að framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Djúpavogshreppur bendir á að m.t.t. umhverfisáhrifa sé ekki um að ræða umtalsverða breytingu í fiskeldi, heldur áherslubreytingu.

Fram kemur í umsögn Matvælastofnunar (MAST)-dýralæknir fisksjúkdóma, að ekki sé þörf á að fyrirhuguð áherslubreyting í fiskeldi í Berufirði fari í sérskilt mat hvað varðar fisksjúkdóma.

Eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna sem fyrir séu í vistkerfi Berufjarðar og nágrennis.

Fram kemur í umsögn Fiskistofu að þar sem um sé að ræða aukningu í magni á þorski hafi Fiskistofa ekki forsendur til þess að taka afstöðu til þess hvort fyrirhuguð breyting skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Fiskistofa upplýsir að HB Grandi hafi verið með rekstrarleyfi til fiskeldis á laxi í Berufirði, gefið út af embætti Veidimálastjóra (nú lax- og silungssvið á Fiskistofu), sem rann út 31. ágúst 2007. Þá sé HB Grandi með rekstrarleyfi til ársframleiðslu á allt að 1000 tonnum af þorski, gefið út af Fiskistofu, sem gildir til 15. janúar 2019. Ekki hafi verið gefin út önnur rekstrarleyfi til fiskeldis í Berufirði af Fiskistofu. Bent sé á að HB Grandi þurfi að sækja sérstaklega um breytingar á rekstrarleyfi til Fiskistofu.

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að fyrirhuguð breyting muni ekki hafa í för með sér aukið mengunarálag en vegna hættu á stroki í þorskeldi telji stofnunin mikilvægt að fylgst verði með styrkleika kvía og þess gætt að í þeim sé ekki veikleiki. Bent er á að HB Grandi þarf að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, sbr. 18. gr. rg. nr. 785/1999.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða að HB Grandi fyrirhugar að breyta eldi sínu í sjókvíum í Berufirði þannig að í stað eldis á allt að 7.000 tonnum af laxi og 1.000 tonnum af þorski verði alin allt að 4.000 tonn af laxi og 4.000 tonn af þorski. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a, sbr. lið 1g, í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar breytingar á eldi HB Granda í sjókvíum í Berufirði á vistkerfi Berufjarðar verði óveruleg þar sem ekki er gert ráð fyrir að mengunarálag aukist og framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í vistkerfi Berufjarðar. Tekið er undir með Umhverfisstofnun að vegna hættu á stroki í þorskeldi sé mikilvægt að fylgst verði með styrkleika kvía. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að HB Grandi og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson